

FORSETAÚRSKURÐUR

um að minnispeningur Jóns Sigurðssonar skuli vera gjaldgeng mynt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu fjármálaráðherra og heimild í 1. gr. laga nr. 47 1961 hefi ég ákveðið, að minnispeningur sá, sem sleginn var í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar, skuli vera gjaldgeng mynt hér á landi og sé gildi hans 500 krónur.

Seðlabanki Íslands hefur heimilað, að mynt þessa megi flytja úr landi.

Enn fremur má selja mynt þessa með allt að 50% álagi á nafnverð, sbr. 2. gr. laga nr. 47 1961.

Gjört að Bessastöðum, 25. apríl 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á girðingalögum, nr. 24 1. febr. 1952.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Um fjarlægð girðinga frá vegum, hlið á vegum og önnur girðingamál, sem vegina varða, skal fara eftir ákvæðum vegalaga og reglum, sem settar verða samkvæmt heimild í vegalögum.

2. gr.

13., 14., 15. og 16. gr. laganna falli niður, og greinatala laganna breytist í samræmi við það.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.